



## STÖNG OG GJÁIN Í SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

Deiliskipulag minjastaðar og ferðamannastaðar

25.03.2020

Breytt 30.11.2020



## UPPLÝSINGABLAÐ

---

SKJALALYKILL

2272-024

UNNIÐ

IS/GG

RÝNT

GG

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)



## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Markmið deiliskipulags	6
1.2	Skipulagsgögn og kortagrunnar	6
2	FORSENDUR	6
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	7
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.1.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	7
2.2	Þjóðlenda	8
2.3	Fornminjar	8
2.4	Verndarsvæði	9
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	10
3.1	Byggingar við Stöng	10
3.2	Aðkoma og bílastæði	10
3.3	Stígar, gönguleiðir og áning	10
3.4	Reiðleiðir	11
3.5	Veitur	11
3.6	Frágangur lóðar	11
4	UMHVERFISÁHRIF	11
4.1	Niðurstaða	12
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	12
6	BREYTINGAR	13
6.1	Athugasemdir á auglýsingatíma	13

## 1 INNGANGUR

Deiliskipulagið tekur til Stangar og Gjárinnar í Þjórsárdal. Huga þarf að endurbótum á minjastaðnum Stöng og skipuleggja stígakerfi í Gjúanni til að stýra umferð gesta.

Núverandi bygging yfir rústir Stangarbæjarins er frá árinu 1957. Sú bygging þjónar ekki nógu vel þeim tilgangi að vernda minjarnar. Jafnframt eru aðrar minjar á Stöng úr lagi gengnar og að blása upp. Hugmyndasamkeppni um Stöng var haldin 2012 með það að markmiði að kalla eftir tillögum að hönnun ásýndar og umhverfis fornu bæjarrústanna. Með verkefninu var minjastaðurinn hannaður heildrænt með hliðsjón af umhverfisþáttum og því að gera hann aðgengilegan og áhugaverðan fyrir almenning. Uppbygging skv. niðurstöðu samkeppninnar þykir of dýr í framkvæmd og því er horft til einfaldari aðgerða sem vernda minjarnar jafn vel.

Skipulagssvæðið er í tvennu lagi, annars vegar Stöng og nágrenni og hins vegar Gjúain. Þá er á skýringaruppdrætti gerð grein fyrir stígum og vegi á milli þessara tveggja staða.

Fyrirhugað er að breyta og bæta núverandi hús, sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins. Húsið verður stækkað til austurs. Sunnan Rauðár hafa verið útbúin bílastæði, gerð göngubrú yfir Rauðá, áningarstaður norðan hennar og stígur fyrir hreyfihamlaða að Stangarbænum. Salernishús og geymsla verða byggð við bílastæðið. Skipulagssvæðið er um 8 ha að stærð. Stöng hefur landnúmerið 178333 og er lóðin skráð 1 ha í Þjóðskrá.

Í Gjúanni eru göngustígar og brýr en svæðið hefur látið talsvert á sjá vegna ágangs ferðamanna sem ekki fylgja stígum. Deiliskipulag fyrir Gjúana gerir ráð fyrir náttúrustíg frá Stöng að Gjúanni. Gerð verður hringleið um Gjúana með brúm yfir ár og læki og útsýnispöllum/áningarstöðum. Einnig tröppustíg niður í Gjúana að austanverðu. Þá verður stígur fyrir hreyfihamlaða á austurbakka Gjárinnar, frá bílastæði að góðum útsýnisstað. Skipulagssvæðið er um 11 ha að stærð.



**MYND 1.** Rauða húsið er núverandi yfirbygging yfir rústir Stangarbæjarins. Á miðri mynd eru rústir fjóss.



**MYND 2.** Horft frá Stangarbænum yfir nýjan stíg frá bílastæði við Rauðá.



Aðkoma að Stöng er af Þjórsárdalsvegi (nr. 32) og um Stangarveg (nr. 327). Í dag er vegurinn ógreiðfær en gert er ráð fyrir að hann verði endurbættur og gerður greiðfær fyrir alla bíla. Sömuleiðis verður aðkomuvegur að Gjánni frá Stöng lagfærður. Aðkoma að Gjánni er jafnframt um göngustíga frá Stöng, beggja vegna Rauðár. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði AF13 og AF14.

Gjáin og Stöng eru friðlýst skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012, eins og nánar er greint frá í kafla 2.4. Svæðið er jafnframt undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi.

## 1.1 Markmið deiliskipulags

Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Að verja rústir á Stöng fyrir veðrun og vindi.
- Draga úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta.
- Miðla upplýsingum til gesta um fornminjarnar og náttúruminjar.
- Að gera Stangarsvæðið og Gjána aðgengilegt fyrir sem breiðastan hóp gesta.
- Að tengja Stöng við næsta nágrenni með greiðfærum göngustíg í Gjána.
- Gera greiðfæran og öruggan stíg niður í Gjána og um hana.
- Stuðla að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins.

## 1.2 Skipulagsgögn og kortagrunnar

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 sem sýnir fyrirkomulag á svæðinu.
- Skýringaruppdráttur í mkv. 1:750 sem sýnir stígakerfi í Gjánni.
- Skýringaruppdráttur í mkv. 1:3.500 sem sýnir fyrirkomulag mannvirkja, aðkomu og stígakerfi.
- Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Loftmyndir og hæðarlínur eru frá EFLU ehf. Hnit eru í ISN93.

## 2 FORSENDUR

Stöng í Þjórsárdal er í útjaðri byggðar. Staðurinn er skráður í Þjóðskrá með landnúmerið 178333. Innan lóðarinnar eru 331 m<sup>2</sup> hús sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins. Mannvistarleifar er einnig að finna í Gjánni.

Talið er að bærinn Stöng hafi lagst í eyði vegna eldgoss í Heklu árið 1104. Litríkar auðnir einkenna náttúrufar, en þó nokkur gróður vex meðfram lækjum og á bæjarhól Stangar. Jarðvegur umhverfis Stöng er gjóskublandinn moldarjarðvegur. Mólendisgróður er ríkjandi og víði- og birkikjarr er í mikilli sókn á bæjarhólnum. Gjáin er litlu austar en Stangarbærinn og eru göngustígar þar á milli. Gjáin sjálf er gróin og þar er talsvert víði- og birkikjarr. Umhverfis Gjána eru gróðurlitlir og blásnir melar. Rauðá fellur í fossi ofan í Gjána og rennur eftir henni. Báðir staðirnir eru fjölsóttir af ferðamönnum.

Vistlendi á skipulagssvæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar; skóglendi, mólendi og moslendi. Helstu vistgerðir eru; birkiskógur, víðikjarrvist, melagambravist, mosamóavist, hraungambravist.

Á svæðinu eru eldhraun frá nútíma. skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á náttúruvirkum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.



**MYND 3.** Horft yfir Gjána af suðurbrún hennar. Hluti núverandi stígakerfis sést á myndinni.

## 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar<sup>1</sup>.

### 2.1.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í aðalskipulagi eru Stöng og Gjáin á afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF13 og AF14. Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi ákvæði fyrir slík svæði:

- **Fjölga þarf afþreyingarmöguleikum til að styrkja ferðaþjónustu og ferðamenn stoppi lengur.**

<sup>1</sup> (Skipulagsstofnun 2016).

- **Stuðlað verði að eflingu þjónustuvæða svo að þau anni þeim fjölda ferðamanna sem þangað sækja.**
- **Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.**
- **Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.**
- **Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur.**

## 2.2 Þjóðlenda

Stöng og Gjáin eru innan þjóðlendu. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

## 2.3 Fornminjar

Við fornleifauppgröft á Stöng árið 1939 fundust 5 mannvirki. Þetta voru íveruhús, útibúr, smiðja, fjós með hlöðu og gerði. Tóft íveruhússins er vel varðveitt og lítið hafði hrunið úr veggjum hennar. Veggirnir voru úr torfi sem hvíldi á undirstöðum úr grjóti. Bæjarhúsið var grafið inn í bakkann sem stendur norðan við húsið. Útibúrið var byggt úr torfi og grjóti. Fjósið var eingöngu hlaðið úr steinum, en básarnir sem standa enn eru aðskildir með grágrýtishellum. Veggir voru tvíhlaðnir og mold var þjappað milli ytri og innri veggjar. Smiðjan var byggð úr torfi sem lá á steingrunni. Elstu mannvistarleifar sem fundist hafa eru eldstæði sem var notað skömmu eftir landnám og smiðja frá 10. öld. Eldri skáli er undir íbúðarskálanum sem nú er til sýnis á Stöng. Búið er að skrá fornminjar á skipulagssvæðinu og eru þær sýndar á deiliskipulagsupprætti. Rústir húsa eru við Stangarbæinn og eru útlínur þeirra sýndar. Aðrar minjar eru sýndar sem punktar og er ekki gert ráð fyrir að þeim stafi hætta af framkvæmdum.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.



## 2.4 Verndarsvæði

Gjáin er friðlýst sem náttúruvætti vegna sérkenna, þ.e. jarðfræðilegrar og líffræðilegrar fjölbreytni. Verndargildi svæðisins felst í jarðfræðilegri sérstöðu, fágætu, sérstöku og fögru landslagi ásamt sérstökum náttúruferibærum. Þjórsárdalur er friðlýstur sem menningarlandslag á forsendum laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Verndunin nær til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda, lífríkis, fossa, vatnsfarvega og menningarlegs gildis svæðisins. Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki, menningarlegu gildi og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar. Gjáin, Háifoss og Granni og Hjalparfoss eru friðlýst sem náttúruvætti vegna sérkenna þeirra og fegurðar.

Framkvæmdir, s.s. uppbygging bílastæða, göngustíga og áningarstaða skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta. Mannvirki s.s. uppbygging og viðhald bílastæða, salernis- og þjónustuhús og mannvirki í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu, skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að umhverfinu og hindri ekki náttúrulegan framgang lífríkis á svæðinu. Innviðaupbygging svæðisins skal fara eftir skipulagi þess<sup>2</sup>. Fá þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum innan friðlýsta svæðisins.

Búið er að friðlýsa stóran hluta Þjórsárdals sem menningarlandslag. Markmiðið er að standa vörð um þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningarlandslagi Þjórsárdals. Svæðið hefur að geyma einstaka minjaheild sem nær frá landnámi fram á miðaldir og er lítt snortin af síðari tíma framkvæmdum. Menningarlandslag í Þjórsárdal hefur sérstöðu vegna fjölda fornþýla og annarra minja sem varðveist hafa í dalnum. Býlin fóru að öllum líkindum í eyði af völdum samverkandi þátta; versnandi veðurfars og uppblásturs vegna endurtekinna eldgosa í Heklu ásamt ágangi manna og húsdýra<sup>3</sup>. Fá þarf leyfi Minjastofnunar fyrir framkvæmdum innan friðlýsta svæðisins.

Gjáin er undir hverfisvernd HV5 og stærsti hluti Stangarsvæðisins einnig. Ákvæði hverfisverndar eru eftirfarandi: „*Innri hluti Þjórsárdals sem tekur til Fossár og afréttarlands norðan hennar. Tilgangur hverfisverndar er að vernda búsetuminjar, landslagsheild og einstök náttúruferibæri. Nokkrir gervígígar eru innan svæðisins. Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er almennt heimil og stuðlað verði að bættu aðgengi að áhugaverðum stöðum*“.

<sup>2</sup> (Auglýsing um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal, nr. 110/2020).

<sup>3</sup> (Minjastofnun Íslands 2020).

## 3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

### 3.1 Byggingar við Stöng

Lóðin Stöng er 37.495 m<sup>2</sup>. Innan hennar verða hús yfir rústir Stangarbæjarins, stígur sem er greiðfær fyrir hreyfihamlaða, göngubrú, bílastæði og aðstöðuhús.

Á byggingareit B1 er núverandi hús yfir rústir Stangarbæjarins er 331 m<sup>2</sup>. Heimilt er að endurbæta núverandi hús og stækka það í allt að 550 m<sup>2</sup> svo koma megi fyrir útsýnisfalli innandyra. Mænishæð getur verið allt að 5,5 m m.v. jarðvegsyfirborð.

Á norðurbakka Rauðár hefur verið komið fyrir áningarstað með borðum og bekkjum. Þar verða einnig upplýsingaskilti.

Á byggingarreit B2 er gert ráð fyrir einu þjónustuhúsi, á einni hæð. Í húsinu getur verið salerni, geymsla fyrir salernisvörur og verkfæri og aðstaða fyrir landvörð, stærð allt að 120 m<sup>2</sup>. Mænishæð getur verið allt að 4,5 m m.v. gólfkóta. Gólfkóti hússins skal vera ofan við þekta flóðahæð í Rauðá.

Útveggir húsa verða klæddir með lerki sem mun með tímanum veðrast og grána. Gæta skal samræmis í útliti, lita- og efnisvali. Mænisstefna bygginga er frjáls.

Við eldra bílastæði er um 15 m<sup>2</sup> hús fyrir salerni.

### 3.2 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að Stöng er af Þjórsárdalsvegi og um Stangarveg. Stefnt er að því að byggja Stangarveg upp þannig að hann verði fær öllum bílum. Við Stöng hefur verið útbúið bílastæði fyrir fólksbíla og rútur. Einnig var gerð ný göngubrú yfir Rauðá, áningarstaður norðan hennar og stígur sem er greiðfær fyrir hreyfihamlaða að Stöng. Eldra bílastæði og göngubrú verður nýtt áfram þegar þörf krefur. Bílastæði eru sýnd á uppdráttum.

Aðkoma að Gjánni er um vegslóða frá Stöng. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði endurbættur og verði fær flestum bílum. Við Gána, nálægt brún hennar, verða bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Fjær brúninni verða bílastæði fyrir almenning. Frá Gjánni er vegslóði að Hólaskógi.

### 3.3 Stígar, gönguleiðir og áning

Frá nýja bílastæðinu hefur verið gerður um 2 m breiður stígur upp brekkuna að Stangarbænum. Stígurinn er greiðfær fyrir hreyfihamlaða, með aðstoð. Þá verður gerður greiðfær stígur frá nýju bílastæði að eldra bílastæði. Norðan Rauðár er áningarsvæði með borðum og bekkjum þar sem ferðamenn geta sest niður.

Frá Stöng að Gjánni, norðan Rauðár, er um 1 km löng stikuð gönguleið. Verður hún endurbætt og gerður greiðfær náttúrustígur. Við enda stígsins verða útsýnisstaðir. Þaðan verður hringleið um Gjána með tröppustígum, útsýnisstöðum og brúm yfir ár, hluta núverandi stíga verður lokað. Að sunnanverðu

verður gerður nýr tröppustígur niður í Gjána á sama stað og núverandi stígur. Verður hann annað hvort á lofti á steypum undirstöðum eða með hlöðnum steinþrepum með náttúrugróti. Með tímanum mun vaxa birki og víðikjarr að tröppustígnum sem mun draga úr sýnileika hans. Stígarnir munu m.a. verja minjar í Gjáni fyrir átroðningi.

Stikuð gönguleið er á suðurbakka Rauðár, milli Gjárinnar og Stangar, verður hún gerð að greiðfærum náttúrustíg. Runnið hefur úr stígnum á nokkrum stöðum og verður það lagfært.

Á austurbrún Gjárinnar verður gerður greiðfær stígur fyrir hreyfihamlaða. Stígurinn verður frá bílastæði við Gjána og að útsýnisstað á brún hennar, þar sem vel sést yfir.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka stígum tímabundið ef þarf vegna gróður- og/eða náttúruverndar.

### 3.4 Reiðleiðir

Áningarhólf fyrir hesta er á melnum vestan Stangarbæjarins og annað á brúninni sunnan við Gjána. Reiðleiðinni fram hjá Stöng er breytt með tilkomu nýrrar göngubrúar og stígs fyrir hreyfihamlaða. Frá áningarhólfinu liggur reiðleiðin til vesturs yfir Rauðá um 200 m neðan við eldri göngubrú. Leiðin liggur síðan til suðurs að vegi að Stöng og fylgir honum í áttina til byggða. Leiðin fylgir vegslóða að Gjáni og í Hólaskóg. Óheimilt er að beita hrossum á svæðinu.

### 3.5 Veitur

Gert er ráð fyrir að vatn og rafmagn verði lagt að salernum og þjónustuhúsi við nýja bílastæðið. Vatn er tekið úr borholu á bakka Rauðár. Með tilkomu nýs salernis getur þurft að skoða aðra möguleika fyrir vatnsöflun. Gert er ráð fyrir að fylgst verði með gæðum neysluvatns og verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

### 3.6 Frágangur lóðar

Lögð er áhersla á vandaðan og snyrtilegan frágang á svæðinu og að við framkvæmdir verði minjum ekki raskað og forðast að raska gróðri og jarðmyndunum, eða stærra svæði en nauðsynlegt er. Lögð er áhersla á að heildaryfirbragð mannvirkja sé samræmt og þau falli vel að landinu. Ef færa þarf tré vegna framkvæmda skulu þau gróðursett innan svæðisins. Ef svarðlag fellur til við framkvæmdir skal það nýtt til uppgræðslu í nágrenninu eða í kanta á stígum/bílastæði.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg

áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Árlega sækir fjöldi ferðamanna Stöng og Gjána heim og er aðstaða til að taka á móti þeim fremur bágborin. Salernisaðstaða er takmörkuð, stígar að og um Gjána eru fábrotin og tröppur úr lagi gengnar. Auk þess þarf að stuðla betur að varðveislu minja á Stöng. Aðstaðan hefur þó heldur batnað með tilkomu nýs bílastæðis og stígs fyrir hreyfihamlaða að Stangarbænum.

Með endurbótum og stækkun á núverandi húsi er stuðlað að vernd minjanna en jafnframt er fólki gert kleyft að njóta þeirra og fræðast um þær. Aðgengi að og um Gjána er bætt verulega um leið og stuðlað er að vernd gróðurs og jarðmyndana á staðnum. Einnig verða til störf við móttöku og þjónustu ferðamanna sem styrkir byggð í sveitarfélaginu.

Með því að bæta stígakerfi í og umhverfis Gjána aukast líkur á að ferðamenn fylgi merktum stígum og pöllum sem dregur úr traðki og úrrennslum og hlífir viðkvæmri náttúru svæðisins. Gert er ráð fyrir að gróður feli tröppustíg í Gjána að einhverju leyti og dragi þannig úr sjónrænum áhrifum hans. Með bættum stígum dregur úr slyshættu.

#### **4.1 Niðurstaða**

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að mikil þörf sé á endurbótum á Stöng og lagfæringu á stígakerfi í Gjúni, til að vernda þessa staði. Jafnframt þarf að þjónusta ferðamenn betur og gera þeim kleift að njóta þessara staða og fræðast um þá. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru atvinnuskapandi, bæta þjónustu við ferðamenn og almennt eru áhrif þeirra á umhverfið mun jákvæðari en núverandi ástand. Með bættri aðstöðu mun allt svæðið verða meira aðlaðandi og aðgengi batna til muna. Ásynd svæðisins batnar einnig og með tímanum mun náttúruleg gróðurframvinda draga úr áhrifum nýrra mannvirkja og vaxa á ný á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir átroðningi og raski vegna framkvæmda.

## **5 SAMRÁÐ OG KYNNING**

Samráðsfundur var haldinn með sveitarfélaginu, Umhverfisstofnun og Minjastofnun þar sem farið var yfir hugmyndir vegna deiliskipulagsins. Farið var í vettvangsferð í Gjána með fulltrúum Umhverfisstofnunar og skoðaðar mögulegar útfærslur stíga.

Deiliskipulagstillagan verður kynnt og auglýst skv. 40. - 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og send til lögbundinna umsagnaraðila. Umsagnaraðilar eru eftirtaldir; Forsætisráðuneytið, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Vegagerðin og Skipulagsstofnun.



## 6 BREYTINGAR

Á auglýsingatíma deiliskipulagstillögunnar var haldinn samráðsfundur með sveitarfélaginu, Umhverfisstofnun og Minjastofnun. Tillagan var rædd og farið var yfir ýmsar hugmyndir.

### 6.1 Athugasemdir á auglýsingatíma

Deiliskipulagstillagan var auglýst og send til umsagnaraðila haustið 2020. Eftirfarandi eru helstu athugasemdir og viðbrögð við þeim:

Heilbrigðiseftirlitið bendir á að sýna þurfi grann- og fjarsvæði vatnsbóls á uppdrætti og athuga skuli hvort þörf sé á að endurskoða staðsetningu vatnsbóls eða hreinsivirki m.t.t. mengunarhættu.

- Grann- og fjarsvæði eru afmörkuð á uppdrætti. Í kafla 3.5. kemur fram að það geti þurft að skoða aðra möguleika fyrir vatnsöflun og að fylgst verði með gæðum neysluvatns í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Vegagerðin gerir athugasemd við að Stangarvegur sé ekki sýndur milli Stangar og Gjárinnar. Brunavarnir Árnessýslu fara fram á að heimilaður verði akstur neyðarbíla að Gjánni.

- Til stóð að fella Stangarveg út milli Stangar og Gjárinnar en fallið hefur verið frá því og verður honum bætt á uppdráttinn og gerð samsvarandi breyting á greinargerð.

Minjastofnun bendir á að búið er að friðlýsa hluta Þjórsárdals sem menningarlandslag.

- Gerð er grein fyrir friðlýsingunni í kafla 2.4. um verndarsvæði.
- Búið er að skrá fornminjar á skipulagssvæðinu og er gerð grein fyrir þeim á uppdrætti og í kafla 2.3 í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að of mikið rask fylgi því að gera stíg fyrir hreyfihamlaða milli Stangar og Gjárinnar. Betra sé að stígurinn verði greiðfær náttúrustígur. Vilja stækka þjónustuhús í allt að 120 m<sup>2</sup>. Borð og bekkir ásamt upplýsingaskiltum verði einungis við áningarstað norðan Rauðár. Vegur milli Stangar og Gjárinnar verði áfram opinn, bílastæði fyrir hreyfihamlaða á brún Gjárinnar og önnur bílastæði aðeins fjær. Gera þarf nokkrar breytingar á skilgreiningu göngustíga um Gjána.

- Gerð er breyting á greinargerð og uppdrætti til samræmis við ábendingarnar.
- Skipulagssvæði við Gjána er stækkað um 0,2 ha til að ná yfir bílastæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill skoða hvort hægt sé að sameina bílastæðin til að lágmarka rask og spyr um tilgang með geymsluhúsi við bílastæðin. Fjöldi húsa við bílastæðin komi ekki fram. Gerð er athugasemd við tvo stíga í Gjánni vegna hrinhættu og áhrifa stíganna á gróður.

- Eldra bílastæði er hugsað til notkunar þegar nýja stæðið annar ekki þeim fjölda sem er á svæðinu. Eldra stæðið er á mel, að hluta til inn á milli hraunhóla og því lítt áberandi. Ekki hefur verið borið ofaní þetta stæði.

- Stígur sem merktur er A í athugasemdum er færður niður í flokkinn aðrir stígar. Stígur sem merktur er B í athugasemdum verður áfram enda veitir hann aðgengi að áhugaverður sjónarhorni. Í greinargerð er bætt inn að Umhverfisstofnun hafi heimild til að loka stígum sé þess talin þörf.
- Í kafla 3.1. er bætt við að gert sé ráð fyrir einu húsi við nýja bílastæðið. Gerð er grein fyrir núverandi salernishúsi við eldra bílastæði.

Í kafla 2.4. er bætt við texta um að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða.